



Reykjavík, 14.júní 2021

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgrötu 4

101 Reykjavík

Efni: Umsögn Samfés um drög að aðgerðaáætlun stefnu um tómstunda- og félagsstarfs barna og ungmenna 2020-2030.

Við hjá Samfés, landsamtökum félagsmiðstöðva og ungmennahúsa fögnum áætluninni sem er skref í rétta átt og þökkum æskulýðsráði og verkefnastjóra stefnumótunarvinnunnar fyrir þeirra vinnu. Samráð við hagsmunaaðila og tækifæri sem gefin eru til að taka þátt í mótun stefnunnar eru mikilvægir þættir í að marka nýja heildræna stefnu.

Samtökin gerðu áður umsögn um drög að stefnu um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna 2020-2030 þar sem meðal annars kom fram að til þess að hægt sé að framfylgja faglegri stefnu til framtíðar sé nauðsynlegt að auka fjármagn og tryggja að jafnræðis sé gætt við úthlutun fjármagns. Með þessum hætti væri m.a. verið að tryggja jöfn tækifæri barna og ungmenna til þátttöku þar sem rekstrarumhverfi er óháð styrkjum og innkomu viðburða. Einnig kom þar fram að samtökin vilja í framhaldi sjá að starfsemi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa yrði lögbundin og fjármagn til þess mikilvæga starfs verði tryggt.

- Í aðgerðaráætluninni er talað um starfs- og vinnuhópa í tengslum við vinnu tengda stefnunnar. Við hjá Samfés leggjum mikla áherslu á að í öllum starfs- og vinnuhópum verði fulltrúar frá fjölbreyttum félagasamtökum á vettvangi sem og fulltrúar ungmennaráða.

Talað er um börn og ungmenni og spurning er um hvort átt sé við til 18 ára aldurs. Starfsemi Samfés er fyrir börn og ungmenni á aldrinum 10-25 ára og er mjög mikilvægt að halda einnig vel utan um unga fólkið sem er að klára grunnskólann og kveðja starfið í félagsmiðstöðvum landsins. Til þess að hægt sé að tryggja virka þátttöku ungs fólks á landsvísu verður að bjóða upp á fundartíma sem er ekki einungis á skólatíma. Fulltrúar ungmennaráða Samfés vilja koma því á framfæri að mikilvægt sé að skólakerfið taki tillit til þeirra þátttöku og veitt séu leyfi þegar tekið er þátt í starfs- og vinnuhópum á vegum ráðuneyta.

- Stjórn Samfés, starfsfólk og fulltrúar ungmennaráða Samfés taka undir umræðuna um mikilvægi þjónustumiðstöðvar þar sem samstarfsaðilar sem koma að málefnum ungs fólks geti unnið saman með það að markmiði að bæta starfið og tryggja samræmi milli málaflokka. Samfés hefur frá haustmánuðum 2020 unnið að uppbyggingu á starfi SamfésPlús þekkingar- og þjónustumiðstöðvar fyrir ungt fólk. Tilgangur verkefnisins er að ná til ungs fólks og þeirra sem vinna með ungu fólki á öllu landinu og tryggja samræmt faglegt starf með það að markmiði að efla starf í þágu ungs fólks, miðla þekkingu og skapa öflugt þverfaglegt tengslanet. Verkefnið fékk styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árið 2019-2020. Samfés leggur áherslu á að öflugtu starfi SamfésPlús verði haldið áfram, mögulega í formi miðlægs þjónustuvettvangs.
- Samfés fagnar því að sett séu lög um að hálf formlegt og óformlegt nám verði viðurkennt. Samfés telur þó mikilvægt að tómtunda- og félagsstarf haldi sínu sjálfstæði í sterku og faglegu starfi og vinni í samstarfi við skóla. Í samþættingaraðgerðum þarf að huga að ólíkum styrkleikum og markmiðum, bæði skólastarfs og frístundastarfs.
- Það er orðið tímabært að unnið sé að nýrri stefnu og lögum um tómtunda- og frístundastarf barna og ungmenna, sem taki við af núverandi æskulýðslögum. Samfés gleðst yfir því að skoða eigi sjóði á vegum ráðuneyta með það í huga að skapa öruggt rekstrarumhverfi. Samstarf milli ráðuneyta er mikilvægt. Samfés veltur þó upp þeirri spurningu hverjir muni sitja í þessum starfshóp. Nauðsynlegt er að hafa í huga mikilvægi þess að hafa einstaklinga í þeim hópi sem eru í beinum tengslum við vettvanginn og þekkja starfið til hlítar sem og fulltrúa ungs fólks.
- Við fögnum því að fá fulltrúa frístundavettvangsins inn á nemendaverndarráðsfundi. Það vill gjarnan gleymast að starfsmenn félagsmiðstöðva og skóla eru bundin sama trúnaði, vinna öll að sama markmiði í lífum barna og unglinga og þurfa að vinna saman sem eining að heildstæðri nálgun fyrir velferð barnsins. Við teljum að þessar fyrirhuguðu breytingar setji hag barnsins í fyrsta sæti. Forstöðumenn félagsmiðstöðva eru gríðarlega mikilvægir tengiliðir í sínu skólasamfélagi. Þeir þvera landamæri fagþekkingar með því að tengjast öllu starfsfólki skólans og sjá nemendur jafnt á skólatíma sem og í þeirra frítíma. Þeir eiga að

taka þátt í og hafa frumkvæði að teymisvinnu með samstarfsaðilum vegna einstakra barna og unglunga með það markmið að samræma aðferðir og miðla upplýsingum.

Að lokum

Það er mjög jákvætt og nauðsynlegt að auka eigi vægi æskulýðsmála í menntamálaráðuneytin og fjölga eigi starfsfólki. Samfés fagna góðu samstarfi og samráði við starfsfólk ráðuneytisins.

Virðingarfyllt,

f.h. Samfés

Victor Berg Guðmundsson, framkvæmdastjóri